**Dalvíkurskóli** **Textílmennt**

<table>
<tr><th>Námsþáttur</th><th>5.bekkur</th><th>6. bekkur</th><th>7. bekkur</th></tr>
<tr><td>Menningarlæsi<br>(Sameiginleg markmið fyrir list- og verkgreinar)</td><td colspan="3">Við lok 7. bekkjar getur nemandi (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 142):<br>• Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar.<br>• Hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.<br>• Tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði.<br>• Haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni.<br>• Beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir.<br>• Gert grein fyrir menningarlegu hlutverki list- og verkgreina.<br>• Gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans.<br>• Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.<br>• Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.</td></tr>
<tr><td>Nemandi:</td><td>• Þekkir ýmis hugtök í vélsaumi, s.s. beinn saumur og sikk sakk.<br>• Getur saumað fótbreidd frá brún.<br>• Getur sikk sakkað brún.<br>• Kann að þræða saumavél að fullu.</td><td>• Getur framkvæmt flóknari aðgerðir í vélsaumi, s.s. að setja rennilás í á einfaldan hátt.<br>• Útfærir eigið verkefni (t.d. pennaveski) og er fær um að nýta útsaum í útfærslu sinni.<br>• Lærir grunn í hekli.</td><td>• Saumar einfalda flík eða annað sambærilegt.<br>• Prjónar einfalt stykki eftir uppskrift.</td></tr>
<tr><td>Handverk, aðferðir og tækni</td><td colspan="3">Við lok 7. bekkjar getur nemandi (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 159-160):<br>• Beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar.<br>• Fjallað um efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textílefnum.<br>• Unnið með einföldu snið og uppskriftir.</td></tr>
<tr><td>Nemandi:</td><td>• Þekkir mun á ofnu og prjónuðu efni.<br>• Veit hvernig á að þræða saumavél.<br>• Getur saumað fótbreidd frá brún.<br>• Kann að sikk-sakka brúnir.</td><td>• Getur þrætt saumavél án aðstoðar.<br>• Getur sett rennilás í á einfaldan hátt.</td><td>• Lærir að leggja snið rétt á efni.<br>• Saumar einfalda flík.</td></tr>
<tr><td>Sköpun, hönnun og útfærsla</td><td colspan="3">Við lok 7. bekkjar getur nemandi (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 159-160):<br>• Þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli.<br>• Notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla.<br>• Útskýrt hagnýtt og fagurfræðilegt gildi handverks og fjallað um fagurfræði í eigin verkum.<br>• Nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíla og textílvinnu.</td></tr>
<tr><td>Nemandi:</td><td>• Kann að nota mismunandi skrautspor á saumavélinni til að skreyta verkefni.</td><td>• Ræður við að skreyta verkefni með útsaumi, vélsaumi og mismunandi textílum.</td><td>• Getur fundið hugmyndir að viðfangsefnum og leiðbeiningar á netinu.<br>• Getur unnið eftir skriflegum leiðbeiningum og leiðbeiningum sem viðkomandi finnur á netinu.</td></tr>
</table>

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Menning og umhverfi** | **Við lok 7. bekkjar getur nemandi (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 159-160):**<br>• Fjallað um íslenskt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni.<br>• Gert grein fyrir helstu eiginleikum náttúruefna og gerviefna.<br>• Sett textílvinnu og textílverk í samhengi við sögu, samfélag og listir.<br>• Gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum*. | | |
| Nemandi: | • Þekkir sögu ullarvinnslu á Íslandi.<br>• Getur útskýrt mun á gerviefnum og náttúruefnum. | • Getur útskýrt hvernig hægt er að nýta notaða textíla til að búa til flík eða tösku. | |

*Í kennslustofunni liggur ávallt frammi notaður efniviður sem ætlaður er til endurnýtingar.